



Um frelsisfirlýsingu í Philadelphia 4. júlí 1776, ódagsett

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Ræður – Frelsisfirlýsing – Philadelphia – 4 júlí 1776

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-2, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þegar við Íslendingar hugsum til áranna milli 1770-80 höfum við í fljótu bragði fás góðs að minnast. Þá ríkti enn erlent einveldi hér á landi og útlend einokun var á verzluninni. Fátækt og úrræðaleysi setti svip sinn á landsfólkið og átti þó eftir að keyra um þvert bak fáum árum síðar á tímum móðuharðindanna.

Einn hinn skarpskyggnasti maður, sem ~~þá~~ fjallaði um Íslands mál sagði ^{þá} um ástand landsins ~~(en þar mundi)~~, að "þegar menn falla af hungri nærfelt á hverju ári á því landi, sem matvara er flutt frá mest megnis, þar verður landsstjórninni að vera töluvert ábótavant." En þótt illa færi, þá var það ekki vegna þess að valdhafarnir vildu þjóðinni illa. Þvert á móti var í hinum erlendu stjórnarskrifstofum ætíð verið að taka ákvarðanir um að gera eitthvað fyrir Ísland. En allt kom fyrir ekki. Gallinn var sá að sjálfsagt var talið, að stjórnarherrarnir réðu fyrir fólkið í stað þess að láta það sjálft ráða sínum eigin málum, ^{riksstjórnin} ~~þetta~~ var ~~þetta~~ að reyna að ^{hvarra manna} ~~gera eitthvað fyrir mennt~~ í stað þess að leyfa þeim ~~þeim~~ að bjarga sér sjálfir.

En einmitt þegar neyðin var stærst gerðist í fjarlæggu landi í borg, sem fáir hérlendis hafa þá heyrt nefnda, atburður, sem olli aldahvörfum í veraldarsögunni og átti þar með mikinn þátt í að leysa hinu hörðu fjötra einveldis og einokunar af íslenzku þjóðinni.

Þessi atburður var sjálfstæðisyfirlýsing Bandaríkjanna, er gerð var 4. júlí 1776 í Philadelphiu. Auðvitað var sjálfstæðis- yfirlýsing og frelsisstríð Bandaríkjanna afleiðing þess frelsis- anda, sem þá hafði um skeið magnast með vestrænum þjóðum,

en áhrif viðburðanna vestan hafs urðu til þess að auka mjög afl þessa anda hvarvetna þar sem vestræn menning náði til og má rekja til þeirra, að síðan hafa ætíð fleiri og fleiri þjóðir náð ráðum ^{af} ~~þeirra~~ málum sínum ýmist úr höndum erlendra yfirdrottnara eða innlendra einveldismanna.

Þessari frelsissókn er hvergi nærri full-lokið enn, og hinn mikli boðskapur sjálfstæðisyfirlýsingarinnar á ekki síður erindi til þjóðanna nú en fyrir sex mannsöldrum, þar sem ^{hennar} segir: "Við teljum það svo augljós sannindi, að ekki þurfi sönnunar við, að allir menn séu skapaðir jafnir, að þeim séu af skapara þeirra fengin viss réttindi, er ekki verði af þeim tekin, að þeirra á meðal sé líf, frelsi og leitun að hamingju."

Ég segi, að þessi boðskapur sé í fullu gildi enn, og er mér þó að sjálfsögðu ljóst, að aldrei fyrr hefur verið gjörð öflugri tilraun en einmitt á okkar dögum, til að neita því, að trúin á skapara himins og jarðar, á sérstaka tilveru mannsálarinnar og óhagganlegt gildi mannréttindanna, séu augljós sannindi, hvað þá slík, að þau þurfi ekki sönnunar við. Því er þvert á móti haldið fram, að allt þetta sé einskær hugarburður, sem hafa þeri að engu. Yfirdrottunarmennirnir hafa fyrr og síðar fundið ýmsar skýringar á því, af hverju þeirra vilji ætti að ráða en ekki þjóðanna sjálfra. Hin efnislega söguskoðun með afneitun alls þess, sem ég áður taldi, er sú skýringin, sem einræðismenn nútímans telja sér hallkvæmasta til helgunar yfirdrottun sinni.

Enginn skyldi ætla, að baráttunni milli frelsis og yfirdrottunar muni ljúka um okkar daga. Sú barátta á sér langan aðdraganda og verður lengi háð. Um úrslit hennar að lokum erum

við að vísu ekki í vafa. Ekki svo, að við þykjumst þekkja hinstu rök tilveru okkar. Því fer fjarri. En fyrir vissum frumsannindum getum við ekki lokað augunum. Við trúum á gildi frelsisins af því, að við höfum hvarvetna séð hin frjógvandi áhrif þess. Við Íslendingar þurfum ekki að leita annað en til okkar eigin sögu til að sannfærast um, að í frelsinu býr sá máttur, sem drýgstur verður þjóðunum til farsældar. Þess vegna trúum við á sigur frelsisins með öllum þjóðum og fyrir allar þjóðir að lokum.

En þjóðirnar og aðstæður þeirra eru ólíkar. Svo hefur skipast, að tvö öflugustu stórveldi jarðar hafa valist til forystu hvert gegn öðru í þessari baráttu. Þess vegna segja sumir, að okkur smáþjóðunum komi baráttan ekki við. Auðvitað blandast margt óskýlt í þessa viðureign eins og í önnur viðskipti manna, en skilsmunurinn er þó svo skýr, að engum óblinduðum manni ætti að vera vorkunn á að sjá, að hér er um það að tefla, sem varðar heill og hamingju hvers og eins. Hlutleysi hugans í þeirri baráttu er því sama og uppgjöf viljans til gæfu og hamingju.

Hitt fer eftir atvikum, hvort einstakar þjóðir eru svo settar, að það sé til bóta fyrir þær að bindast samtökum við aðra til verndar frelsinu eða ekki. Úr því sker hver þjóð fyrir sig og kemst þó engin sjálfstæð þjóð hjá því að tryggja varnir sínar með einhverjum hætti, hvort heldur með eigin vopnabúnaði eða samtökum við aðra eða hvorttveggju. En þó að varnirnar séu nauðsynlegar, þá fer það okkur mestrar gleði um þessar mundir, að nú horfir betur en áður um, að ekki þurfi til þeirra að taka, að styrkleiki ^{þeirra} þeirra hafi einmótt eflt horfunaar til þess friðar, sem vil öll þráum.

Við vonum af heilum hug, að bjartsýni í þeim efnum reynist réttmæt. En þess er þó að minnast, að um síðustu aldamót, þótti hvorugt tiltökumál, að sæmilega frjáls verzlunarsviðskipti væri þjóða á milli eða þjóðhöfðingja hittast öðru hvoru. Hvorttveggja var talið sjálfsagt og höfum við þó síðan orðið að þola tvær heimsstyrjaldir. Nú þykja það stórmerki, ef þjóðunum er ekki meinað að kaupa hver af annarri það, sem þær hafa brýna þörf á að afla sér eða, ef helztu menn hittast. Vonandi veit á gott, að slíkum hindrunum er rutt úr vegi, en þótt svo sér gert, er því miður enn órálangt þar til viðunandi ástand ríki í heimsmálum.

Meira frjálsræði í verzlunarviðskiftum og viðræður mestu valdamanna ~~en~~ þó ekki einhlít til að leysa vandann. Í upphafi þessarar aldar voru færri tálmanir á verzlun þjóða í milli en nú og hafa þó síðan orðið tvær heimsstyrjaldir. Fyrir síðari heimsstyrjöldina skorti ^{og} ekki viðræður milli valdamannanna heldur vilja sumra til að afstýra ógæfunni. Her sem oft ella er ~~þó~~ vilji, allt, sem þarf, en vilji beggja ^{og} ekki aðeins annars aðilans. Ef slíkur gagnkvæmur vilji er fyrir hendi, verður smám saman hægt að bægja ófriðarhættunni frá.

Viðleitnin til friðar er eins og sóknin til frelsis ekkert einkamál stórveldanna heldur skylda, sem hvílir ekki síður á hinum fámennustu en hinum mannflestu. Í því starfi viljum við Íslendingar leggja fram okkar skerf svipað og hin öflugu Bandaríki, er halda þjóðhátíð sína í dag á minningardegi sjálfstæðisfyr lýsingarinnar. Mátturinn er ólíkur en viljinn er sem betur fer sá sami bæði til þess að koma í veg fyrir blóðuga heimsstyrjöld og halda þó fast við frelsið og trúna á allsherjar-sigur þess að lokum

máta - rétta
ítt en en

vilji, sem lýsin
sér í verksunum
en elski aðeins
í orðunum eða
á völdri

Við skulum og minnst þess, að Bandaríkin hafa ekki aðeins með fordæmi sínu rutt brautina fyrir frelsisunnandi þjóðir hvarvetna um heim, heldur urðu þau fyrst ríkja til að viðurkenna endurreisn hins íslenska lýðveldis á árinu 1944.

Einkenni hins frjálshuga manns er umfram allt það, að unna öðrum frelsis ekki síður en sjálfum sér. Þetta er auðvelt í orði en erfiðara í framkvæmd. En einmitt þess vegna eru það fremstu þjóðir heims sem eru frjálssastar. Þær gera mestu kröfurnar til sjálfra sín og þegna sinna.

Þeir, sem unna frelsinu, verða og að muna, að formlegt frelsi er ekki nóg. Þeim ber að hjálpast að til að gera hverjum og einum mögulegt að njóta lífsins og frelsisins og leita hamingjunnar eftir eigin vild innan ramma laganna.

Boðskapurinn í sjálfstæðis-yfirlýsingunni frá 4. júlí 1776 er ekki auðveldur. Hann gerir miklar kröfur til þeirra, vilja sem honum/fylgja, og er hætt við, að þeim verði seint öllum fullnægt. En víst er, að bezta leiðin til að sannfæra aðra um ágæti þessara kenninga er að sýna sjálfur í verkinu tryggð sína við þær. Hér er vissulega að háleitu marki að keppa, því að reynslan hefur örugglega sannað, að þessi boðskapur er heillaríkasta stjórnarreglan, sem mannkynið hefur enn sett sér.

I have been trying to describe the influence of your Declaration of Independence for all of us especially here in Iceland. My conclusion is this that the best teacher of all, human experience has shown, that mankind never has designed a better rule of government than the famous words:

"We hold these truths to be self-evident, that all men are created equal, that they are endowed by their Creator with certain unalienable Rights, that among these are Life, Liberty and the pursuit of Happiness".

But we must always remember that those are not only beautiful words but a declaration which claims more from those who adhere to it than any other form of government. He who believes in freedom must not only stand on his own freedom, he must also support the freedom of others - also from his own will-, he must remember that formal freedom is not enough, he must help to shape the facts of life in such a way that every human being can in reality enjoy his life, his liberty and pursue his happiness according to his own will inside the rule of law.

All this is not an easy task and no nation has yet been able to fulfill it completely, but our aim must be high, the better we show our will in deeds the better we convince others of our sincerity and in this fight for freedom there is no place for laggards nor neutralists, it is a fight for the life, liberty and pursuit of happiness of all of us, either we belong to the smallest or most powerful nation on earth.